

Trúnaðarmál

Mótt.
dags.

Kvittun

Beiðni til náms- og starfsráðgjafa

Skóli: _____ Bekkur: _____

Nafn nemanda: _____ Kennitala: _____

Vegna (hakið við):

<input type="checkbox"/> Áhugasviðs	<input type="checkbox"/> Hegðunarvanda	<input type="checkbox"/> Nýnemaviðtals
<input type="checkbox"/> Áætlanagerðar	<input type="checkbox"/> Kvíða	<input type="checkbox"/> Sjálfsmyndar
<input type="checkbox"/> Einbeitingarleysis	<input type="checkbox"/> Náms- og starfsvals	<input type="checkbox"/> Skólasóknar
<input type="checkbox"/> Eineltis	<input type="checkbox"/> Námstækni	<input type="checkbox"/> Stríðni
<input type="checkbox"/> Félagslegs vanda	<input type="checkbox"/> Námsörðugleika	<input type="checkbox"/> Tilfinningavanda
		<input type="checkbox"/> Annara ástæðna: _____

Nánari lýsing á því sem óskað er eftir: _____

Dagsetning: _____

Undirskrift foreldris/foreldra:

Skólaþjónusta Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu
Austurvegi 4, 860 Hvolsvöllur
skolamal.is / s. 4878107

Nánar um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu safnar framangreindum persónuupplýsingum svo mögulegt sé að veita lögbundna þjónustu og svo einstaklingar geti nýtt réttindi sín samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008.

Skólaþjónustan geymir upplýsingarnar í rafrænu kerfi sem utanaðkomandi aðili (ONE) heldur utan um. Auk þess deilir Skólaþjónustan framangreindum persónuupplýsingum með ákveðnum sérfræðingum, sem málið varðar. Þeir eru bundnir trúnaði og ber að haga meðferð persónuupplýsinga í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Skólaþjónustan er afhendingarskyldur aðili samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Vegna þess er henni óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali nema með heimild þjóðskjalavarðar. Almennt eru þær persónuupplýsingar sem skólaþjónustan safnar um einstök börn afhentar Héraðsskjalasafni einu ári eftir að barn lýkur grunnskólagöngu.

Einstaklingar njóta ákveðins réttar samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, svo sem réttar til aðgangs að persónuupplýsingum, að láta leiðrétta þær, takmarka vinnslu þeirra, andmæla og fleira. Réttindi þeirra kunna þó að vera háð ýmsum skilyrðum.

Hafi einstaklingar frekari spurningar um hvernig Skólaþjónustan meðhöndlar upplýsingar um þá, eða um réttindi sín, þá geta þeir ávallt beint fyrirspurnum til persónuverndarfulltrúa Skólaþjónustunnar. Sá aðili er Dattaca Labs og hægt er að hafa samband með því að senda erindi á netfangið dpo@dattacalabs.com.

Dragi einstaklingar í efa að Skólaþjónustan meðhöndli persónuupplýsingar um þá í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, þá hafa þeir rétt til að senda inn erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is).

Nánari upplýsingar um meðferð Skólaþjónustunnar á persónuupplýsingum má sjá í persónuverndaryfirlýsingu sem aðgengileg er á heimasíðu Skólaþjónustunnar.